

Ed.

1161. Nefndarálit

um frv. til l. um vernd barna og ungmenna.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu málsins. Meiri hluti nefndarinnar telur málið ekki nægilega undirbúið og vill vísa frumvarpinu frá með rökstuddri dagskrá.

Ég tel hins vegar, að undirbúningi málsins hafi verið þann veg háttað, að ekki sé ástæða til að tefja framgang þess af þeim sökum, og legg til, að frumvarpið verði samþykkt.

Alþingi, 19. febr. 1945.

Steingr. Aðalsteinsson.